



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Reykjavík, 9. maí 2017.

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

**Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017–2021, þskj. 567, 434. mál.**

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017–2021.

MRSÍ fagnar tillögunni og telur, verði hún samþykkt og henni framfylgt, að stjórnvöld stígi með henni mikilvægt skref í átt að því að uppfylla þær skyldur sem ríkinu eru lagðar á herðar með samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem Ísland hefur fullgilt. Samkvæmt samningnum er mismunur gagnvart fötluðum bönnuð á öllum sviðum samfélagsins og í tillögunni kemur fram að leggja skuli áherslu á mannréttindi og bann við mismunur á grundvelli fötlunar. Að mati MRSÍ færi þó betur á því að setja lög um bann við mismunur á grundvelli fötlunar á öllum sviðum samfélagsins.

MRSÍ fagnar því sérstaklega sem í tillögunni greinir að fyrirhugað sé að setja lög um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA), en að tryggja slíka aðstoð fötluðu fólki sem þarf á henni að halda, er eitt af mikilvægustu skrefum í þá átt að gera fötluðu fólki mögulegt að lifa lífi sínu á þann hátt sem það kys helst. Kostnaður við NPA ætti enda ekki að vera til muna meiri en sá kostnaður sem nú kemur til af rekstri sambýla og annarra búsetuúrræða og sérhæfðri aðstoð. Þegar til heildarkostnaðar er litið veltir MRSÍ þó fyrir sér, einkum ef litið er til fjármálaáætlunar 2018-2022 (402. mál) hvort áætlaður kostnaður af fyrirhuguðum aðgerðum sé raunhæfur. Áréttað skal, að þar sem íslensk stjórnvöld hafa fullgilt samning Sp um réttindi fatlaðs fólks, þá ber þeim að tryggja fötluðu fólki jafnræði á öllum sviðum samfélagsins, hvort sem varðar aðgengi að menntun, heilbrigðisþjónustu, félagslega þátttöku, húsnæðismál og atvinnu svo eitthvað sé nefnt.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Túngata 14, 1. hæð – 101 Reykjavík - Iceland  
Símar/Phone + 354 552 27 20 – Fax + 354 552 27 21  
Netfang/ E-mail: [info@mannrettindi.is](mailto:info@mannrettindi.is)



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

---

Margrét Steinarsdóttir

framkvæmdastjóri